

Mættir : Björn Sigurðsson formaður, Hilmar Örn Jónasson, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður, Elsa María Guðmundsdóttir, Emil Örn Harðarson móta- og miðlunarstjóri, Hörður Oddfríðarson ritari, Leifur Guðni Grétarsson

Afboða, mæta ekki : Hrafnhildur Lúthersdóttir varastjórn, Oddur Örnólfsson, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri.

Fundur 05.05.2020 settur kl. 18.00. Fundurinn var fjarfundur

1. Mótamál erlendis

- a. Ólympíuleikum 2020 hefur verið frestað um ár
- b. Búið er að fresta EM50 til maí 2021
- c. HM50 í Japan 2021 færast til maí 2022 og garpa mót samhliða
- d. Smáþjóðaleikum í Andorra 2021 hefur verið frestað
- e. EMU 2020 hefur verið slegið af
- f. NÆM 2020 hefur verið slegið af
- g. EYOF hefur verið frestað til 2022

2. Dagsetningar innlend mót

Nú er loks farið að sjást til sólar, daginn tekið að lengja og sundfólkið okkar er farið að synda aftur en það var mikil gleði þegar sundæfingar hófust í gær.

SSÍ hefur undanfarnar vikur verið með ýmsar hugmyndir á borðinu um hvernig best væri að ljúka þessu tímabili. Rætt hefur verið við ýmsa aðila í hreyfingunni og niðurstaðan er svohljóðandi:

- a. **Akranesleikarnir fara fram helgina 12. – 14. júní**, og verða þeir fyrir yngri sundmenn. Sundfélag Akranes mun skipuleggja mótið og taka tillit til takmarkana frá Almannavörnum. Sf. Akranes mun senda frá sér nánari upplýsingar bráðlega.
- b. **Landsbankamót ÍRB fer fram 19. – 21. júní** og það verður fyrir eldri sundmenn. ÍRB mun skipuleggja mótið með tilliti til takmarkana frá Almannavörnum. ÍRB mun senda út upplýsingar um mótið von bráðar.
- c. **Aldursflokkameistaramót Íslands fer fram í Ásvallalaug í Hafnarfirði dagna 3. – 5. júlí**. SH mun sjá um mótið að þessu sinni, en vegna frestunar á mótinu þá sá Sf. Óðinn sér ekki fært að halda AMÍ þetta árið og sendi SSÍ bréf þess efnis í gær. SSÍ og SH munu að sjálfsögðu skipuleggja mótið með tilliti til fjöldatakmarkana en fulltrúar Almannavarna vona að fjöldatakmörkun verði komin upp í 2000 manns í júlí.
- d. **ÍM50 verður haldið í Laugardalslaug dagana 17. – 19. júlí**. SSÍ sér um það mót og mun senda út upplýsingar um það á næstu dögum.

Samþykkt

3. Frestun á umsókn um mót á atburðadagatali

- a. Í ljósi Covid faraldursins og þeirrar röskunar sem orðið hefur á íþróttastarfi þá hefur stjórn SSÍ ákveðið að framlengja þann frest, sem er í reglum sambandsins, til að sækja um mót á atburðardagatali til 15. júní í stað 15. maí áður.

Samþykkt

6. Önnur mál

- a. Íslandsmetaskrá er kominn á heimasíðu sambandsins. Hvert félag fær einn aðgang sem þeir ráðstafa innan félags.
- b. Rætt um þjónustugjöld fyrir fyrri hluta árs.

Fundi slitið kl. 18:40